



Fundargerð

1439. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
19. október 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að tekið yrði á dagskrá Þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjaneshæ með búsetu í öðrum sveitarfélögum (2023100331). Fjallað um málið undir dagskrárlíð 10.

* * *

1. Fjárhagsáætlun 2024 (2023080020)
Sviðsstjórar mættu á fundinn. Kynning á fjárhagsrömmum sviðanna.
2. Innviðir fyrir orkuskipti (2020090208)
Lagt fram minnisblað um stöðu og helstu áskoranir á innviði sveitarfélagsins fyrir orkuskipti.
3. Breiðbraut 643 - kauptilboð (2023090507)
Lögð fram kauptilboð sem hafa borist vegna Breiðbrautar 643.
Bæjarráð samþykkir 4-0 að taka tilboði AGG Verktaka ehf. Margrét A. Sanders (D) situr hjá.
4. Stapabraut 2 - gatnagerðargjöld og lóðarleiga (2021050336)
Erindi barst frá Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum vegna lóðar undir heilsugæslu. Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 skal kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva greiðast úr ríkissjóði. Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. sömu laga láta sveitarfélög í té lóðir undir heilsugæslustöðvar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu.
Bæjarráð fellst á erindið og ákveður, með vísan til 2. mgr. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, að afhenda lóðina Stapabraut 2 án greiðslu lóðarleigu og gatnagerðargjalda. Áskilnaður er um innheimtu lóðarleigu ef notkun lóðarinnar verður síðar breytt. Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra er falið að undirrita samninginn þar að lútandi.
5. Barnaþing 16.-17. nóvember 2023 (2023100212)
Lagt fram bréf frá umboðsmanni barna um Barnaþing sem verður í Hörpu í Reykjavík.
6. Kvennaverksfall 24. október 2023 (2023100244)

Lagt fram bréf frá aðstandendum Kvennaverksfallsins 2023.

7. Umsögn um geymslustað ökutækja í útleigu – Kodiak ehf. Faxagrund 20 (2023100206)
Erindi Samgöngustofu vegna umsóknar um geymslustað ökutækjaleigu. Lögð fram umsögn byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar. Bæjarráð hafnar umsókninni með vísan til fyrirliggjandi umsagnar.
8. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 11. október (2023010343)
Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
9. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2023020682)
Frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál
<https://www.althingi.is/altext/154/s/0241.html>
Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028, 315. mál
<https://www.althingi.is/altext/pdf/154/s/0319.pdf>
Umagnarmál lögð fram.
10. Þátttaka barna í íþróttá- og tómstundastarfi í Reykjanesbæ með búsetu í öðrum sveitarfélögum (2023100331)
Bæjarráð felur Friðjóni Einarssyni formanni bæjarráðs að vinna áfram í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.